



Dagsetning: 15. október 2023
Málsnúmer: 2309167/2.4

Til Mannvirkja- og veitunefnd

MINNISBLAÐ
Tillaga að breytingum á gjaldskrá

Lagt er til að fastagjald vatnsveitu og fermetragjald og hámarks sumarhúsagjald lækki 14,2% þ.e. fastagjaldið verði 4.721 kr., fermetragjaldið 386 kr. og lágmarksgjald sumarhúsa verði 26.000. Markmiðið með breytingunni er að lækka tekjur vatnsveitu og auka tekjur fráveitu. Núverandi fjárfestingargeta vatnsveitu er nálægt 100 m.kr. á ári en lækkar með þessu niður í um 60 m.kr. á ári. Á sama hátt verður fráveitugjald hækkað, fjárfestingargeta fráveitu vex um svipaða upphæð, þannig að áhrifin verða að meðaltali sem engin á einstaka greiðendur fasteignagjalda þ.e. samtala vatns- og fráveitugjalda.

Aukavatnsgjöld – stórnotendur

Eftir umræður á fyrri fundum þar sem rædd hafa verið aukavatnsgjöld og hugmyndir hvernig væri hægt að stuðla að eðlilegri rukkun stórra inntaka þar sem notkun en mjög mikil yfir stutt tímabil. Undirritaður hefur skoðað margar gjaldskrár vatnsveitna á landinu en ekki fundið dæmi um sambærilega þælingar annara veitna.

Einn möguleikinn sem var ræddur er hækkun á fastagjaldi. Ef það ætti að skila einhverjum stærri upphæðum þyrfti að hækka þau um mörg hundruð prósent.

Er mögulega skynsamlegra að ákveða hámarks afköst veitunnar og ef stórnotandi óskar eftir afhendingu á enn frekari vatni að þá þurfi viðkomandi að taka þátt í uppbyggingunni?

Vatnsveiturnar okkar eru í mikli yfirstærð miðað við íbúðarfjölda og ráða í flestum tilvikum við þá toppa sem koma upp á hverju ári tengt vertíðum.

Svona líta aukavatnsgjöldin út það sem af er ári 2023



Samtals 2023 það sem af er þessu ári. 47 kr/m3		Eining
LVF	285.540	m3
Eskja	342.163	m3
SVN	501.521	m3
Alcoa	135.083	m3
Samtals m3	1.264.307	m3
Samtals kr	59.422.429	kr
% notkun	56	%
Samtals notkun úr tönkum Nesk,Esk,Rey og Fásk		Eining
Heild m3	2.258.340	m3
Aukavatnsgjöld heild	66.379.980	kr
Aðrar gjaldskrár til samanburðar		
Norðurorka	30,16	kr
Veitur	44,35	kr
Múlaping	39	kr
Vopnafjörður	45	kr

Svanur Freyr Árnason

Forstöðumaður veitna